

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 256/2024

2025/EES/25/05

frá 6. desember 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1730 frá 20. júní 2024 um leyfi fyrir bensósýru sem fóðurukefni fyrir fráfærugrísí og eldissvín (leyfishafi er LANXESS Chemical B.V.) ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við á eftir 597. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1727) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„598. **32024 R 1730**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1730 frá 20. júní 2024 um leyfi fyrir bensósýru sem fóðurukefni fyrir fráfærugrísí og eldissvín (leyfishafi er LANXESS Chemical B.V.) (Stjtið. ESB L, 2024/1730, 21.6.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/1730, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1730, 21.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1730/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.